

Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2021

Desember 2023

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Almenn verkefni.....	7
■ Inngangur	7
■ Meðferð eignarhluta í fjármálafyrirtækjum	7
■ Umsjón með samskiptum við fjármálafyrirtæki vegna eigendahlutverks.....	7
■ Eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins	8
■ Meðferð atkvæða á fundum hluthafa og stofnfjáreigenda.....	8
■ Gerð samninga við stjórnir fjármálafyrirtækja	10
■ Eftirfylgni með að settum markmiðum samninga sé náð	10
■ Gerð tillagna um frekari fjármögnun,.....	11
■ Gerð mats og skilyrða um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja	11
■ Gerð tillagna um hvort og hvenær eignarhlutir verða boðnir til sölu	11
■ Undirbúningur tillagna um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og vinna við gerð þeirra	11
Sérstök verkefni	12
■ Inngangur	12
■ Frumúboð á hlutum í Íslandsbanka og skráning í kjölfarið	12
Inngangur.....	12
Meðferð tillögu af hálfu ráðherra, Alþingis og Seðlabanka.....	13
Framkvæmd sölumeðferðar af hálfu Bankasýslu ríkisins	14
Afstaða ráðherra til tilboðs og skýrsla til Alþingis	16
■ Önnur sérstök verkefni.....	17
Rekstur fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins árið 2020 og staða þeirra í árslok.....	18
■ Inngangur	18
■ Íslandsbanki	19
Rekstur.....	19
Efnahagur og fjárhagur	20
Arðsemi.....	20
■ Landsbankinn.....	20
Rekstur.....	20
Efnahagur og fjárhagur.....	21
Arðsemi.....	21

■ Sparisjóður Austurlands	22
Rekstur.....	22
Efnahagur og fjárhagur	22
Arðsemi.....	22
Viðauki A: Rekstur viðskiptabankanna á árinu 2020 og staða í árslok.....	23
Viðauki B: Rekstur Sparisjóðs Austurlands á árinu 2020 og staða í árslok	27
Viðauki C: Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki.....	30

Inngangur

Bankasýsla ríkisins gefur nú í tólfta sinn út ársskýrslu sína í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Í skýrslunni er fjallað um starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2020 og fram að aðalfundum þeirra fjármálafyrirtækja, sem hún fer með eignarhluti í, og haldnir voru á fyrri hluta ársins 2021.

Tafla 1 sýnir eignir ríkissjóðs þann 31. desember 2020 skv. ríkisreikningi. Þá hélt stofnunin á eignarhlut ríkisins í þremur fjármálafyrirtækjum, þ.e. 100% í Íslandsbanka hf. („Íslandsbanka“), 99,8% í Landsbankanum hf. („Landsbankanum“) og 49,5% í Sparisjóði Austurlands hf. („Sparisjóði Austurlands“) m.v. útistandandi hluti, þ.e. að frádragnum eigin bréfum.

Tafla 1: Eignarhlutir ríkissjóðs þann 31. desember 2020 (fjárhæðir í m.kr.)¹

<u>Eignir</u>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	(28.719)	-1,10%
Íslandsbanki	147.768	5,65%
Landsbankinn	206.107	7,89%
Önnur ríkisfyrirtæki í C-hluta	<u>567.848</u>	<u>21,73%</u>
Ríkisfyrirtæki í C-hluta	921.723	35,27%
Sparisjóður Austurlands	465	0,02%
Aðrar eignir ríkissjóðs og stofnana í hlutdeildarfélögum	<u>469</u>	<u>0,02%</u>
Eign ríkissjóðs og stofnana í hlutdeildarfélögum	934	0,04%
Eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum	283	0,01%
Aðrir áhættufjármunir og langtímakröfur	79.820	3,05%
Óefnislegar eignir	2.472	0,09%
Varanlegir rekstrarfjármunir	935.472	35,80%
Veltufjármunir	517.976	19,82%
Neikvæðir eignarhlutir í ÍL-sjóði og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf.	183.275	7,01%
Samtals eignir	2.613.237	100%
<i>Þar af eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum</i>	<i>354.340</i>	<i>13,56%</i>

Tafla 1 sýnir að bókfært virði eignarhluta ríkisins í þessum þremur fjármálafyrirtækjum í árslok 2020 nam samtals 354,3 ma.kr, eða 13,6% af samtals eignum ríkisins. Eignarhlutir í Íslandsbanka og Landsbankanum voru bókfærðir á hlutafjármargfaldaranum (e. price to book multiple) 0,8x, en eignarhlutir í Sparisjóði Austurlands á margfaldaranum 1,0x.

¹ Heimild: Ríkisreikningur 2020.

Eignarhlutir ríkisins í fyrirtækjum eða félögum eru færðir í ríkisreikningi í eftirfarandi fjóra flokka: (1) Ríkisfyrirtæki í B-hluta, (2) ríkisfyrirtæki í C-hluta, (3) eign ríkissjóðs og stofnana í hlutdeildarfélögum og (4) eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum. Af þessum flokkum, eru ríkisfyrirtæki í C-hluta langstærst. Stærstu eignarhlutir þar eru í Landsvirkjun, eða 266,2 ma.kr., í Landsbankanum, eða 206,1 ma.kr, í Seðlabanka Íslands, eða 150,8 ma.kr. og í Íslandsbanka, eða 147,8 ma.kr., en þetta eru einu eignarhlutirnir, sem bókfærðir eru á hærra virði en 100,0 ma.kr. Athygli skal vakin á því að bæði Íslandsbanki og Landsbankinn eru hlutafélög, en ekki ríkisfyrirtæki, en stofnanir ríkisins eða opinber hlutafélög (ohf.), eins og t.d. Isavia ohf. og Rarik ohf., eru einnig í þessum eignaflokki.

Á því tímabili, sem skýrslan nær til, réðist Bankasýsla ríkisins í stærsta verkefni í sögu stofnunarinnar, þ.e. gerð tillögu til ráðherra um að selja eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka með frumútboði og skráningu á skipulegum markaði í kjölfarið og framkvæmd útboðsins eftir samþykki ráðherra og þinglega meðferð tillögunnar. Verkefni stofnunarinnar á þessu tímabili endurspegluðu einnig áhrif heimsfaraldur kórónuveirunnar.

Almenn verkefni

■ Inngangur

Bankasýsla ríkisins starfar skv. ákvæðum laga nr. 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna eru verkefni stofnunarinnar eftirfarandi:

- a. Að fara með eignarhluti ríkisins í fyrirtækjum og félögum, sbr. 1. gr.
- b. Að sjá um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í og tengjast eigendahlutverki þess. Samskiptin fara fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna.
- c. Að hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma.²
- d. Að fara með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálafyrirtækja og á fundum stofnfjáreigenda sparisjóða.
- e. Að gera samninga við stjórnir hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja, þar á meðal um eiginfjárframlög og um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra. Bankasýsla ríkisins setur þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg vegna eiginfjárframlaga. Útdrættir úr samningum skulu birtir opinberlega 12 mánuðum eftir að þeir hafa verið gerðir.
- f. Að fylgjast með að settum markmiðum í samningum verði náð.
- g. Að gera tillögur til ráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á grundvelli hlutverks og markmiða stofnunarinnar.
- h. Að meta og setja skilyrði um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja með hliðsjón af hlutverki og markmiðum stofnunarinnar og eigendastefnu ríkisins.
- i. Að gera tillögur til ráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða boðnir til sölu á almennum markaði með hliðsjón af markmiðum stofnunarinnar, sbr. 3. mgr. 1. gr., og í samræmi við gildandi lög og markmið um dreifða eignaraðild.
- j. Að undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Verður nú fjallað um þessi verkefni Bankasýslu ríkisins á því tímabili, sem skýrslan nær til, þ.e. á árinu 2020 fram til fyrri helmings ársins 2021.

■ Meðferð eignarhluta í fjármálafyrirtækjum

Eins og kom fram í umfjölluninni hér á undan, þá hélt ríkissjóður á öllu hlutafé í Íslandsbanka í árslok 2020. Eftir frumútboðið í júní 2021, þar sem var seldur 35,0% hlutur, lækkaði eignarhlutur ríkissjóðs niður í 65,0%. Engar aðrar breytingar urðu á eignarhaldi ríkissjóðs á því tímabili sem skýrslan nær til og heldur engar frekari á árinu 2021.

■ Umsjón með samskiptum við fjármálafyrirtæki vegna eigendahlutverks

Þrátt fyrir það að fram komi í ákvæðum b-liðar 4. gr. að „[samskipti á milli stofnunarinnar og fjármálafyrirtækjanna eigi að] fara fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna“ eru dagleg samskipti á forræði starfsmanna Bankasýslu ríkisins. Þannig áttu forstjóri og sérfræðingur stofnunarinnar í eignastýringu eins og venjulega ársfjórðungslega fundi með stjórnendum Íslandsbanka

² Í ákvæðum laga nr. 88/2009 er vitnað til “eigendastefnu ríkisins”, en hún er birt hverju sinni undir titlinum “eigendastefna ríkisins”.

og Landsbankanum í tengslum við birtingu fjárhagsuppgjör bankanna. Aftur á móti varð ekkert af árlegum fundum stjórnar stofnunarinnar og stjórnar Íslandsbanka annars vegar og bankaráðs Landsbankans hins vegar vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Þá á sérfræðingur stofnunarinnar í eignastýringu reglulega símafundi með sparisjóðsstjóra og stjórnarformanni Sparisjóðs Austurlands.

Í tengslum við frumútboð á hlutum í Íslandsbanka áttu sér stað margir fundir á milli fulltrúa Bankasýslu ríkisins og fulltrúum Íslandsbanka, þar á meðal á milli stjórnar stofnunarinnar og stjórnar bankans, sbr. ákvæði b-liðar 4. gr. laganna. Verður gerð nánari grein fyrir þeim í umfjöllun um frumútboðið síðar í skýrslunni.

■ Eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðherra birti nýja eigendastefna fyrir eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum þann 28. febrúar 2020. Helstu breytingar vörðuðu skýrari áherslur um áform ríkisstjórnarinnar varðandi einstök fjármálafyrirtæki. Þannig kom sérstaklega fram í nýju eigendastefnunni að „*ekki [verði] tekin ákvörðun um sölufrelsi á neinum hlutum ríkisins í Landsbankanum fyrr en eftir að ríkið hefur selt allan eignarhlut sinn í Íslandsbanka*“.

Reglubundið eftirlit Bankasýslu ríkisins með eigendastefnunni birtist m.a. í ítarlegri yfirferð stofnunarinnar á ársfjórðungslegum skýrslum bankanna og árshluta- og ársskýrslu Sparisjóðs Austurlands, fréttatilkynningum þeirra og skýrslum viðeigandi eftirlitsaðila. Eftirfylgni stofnunarinnar birtist þannig í ársfjórðungslegum fundum á milli starfsmanna stofnunarinnar og stjórnenda bankanna. Þá birtist það einnig með mótun og samþykki Bankasýslu ríkisins á starfskjarastefnu viðkomandi fjármálafyrirtækis, sbr. ákvæði 8. meginreglu 3. kafla eigendastefnunnar, og þóknun til stjórnar- og bankaráðsmanna á aðalfundum fjármálafyrirtækjanna.

■ Meðferð atkvæða á fundum hluthafa og stofnfjáreigenda

Íslandsbanki, Landsbankinn og Sparisjóður Austurlands héldu aðalfundi sína á árinu 2021 (þ.e. fyrir árið 2020) í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá boðaði Íslandsbanki til sérstaks hluthafafundar í tengslum við undirbúning vegna fyrirhugaðs frumútboðs bankans.

Á aðalfundi Íslandsbanka, sem var haldinn 18. mars 2021, voru lagðar fram hefðbundnar tillögur, um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2020, kosningu stjórnar, þóknunir til stjórnarmanna og breytingar á starfskjarastefnu. Engar tillögur voru lagðar fram um breytingar á samþykktum. Aðalfundurinn samþykkti tillögu um að greiða 3,4 ma.kr. í arð og tillögu um þóknunir stjórnar, þannig að stjórnarmenn fái 450.000 á mánuði, að varaformaður fái 560.000 kr. á mánuði, að stjórnarformaður fái kr. 785.000 á mánuði, að stjórnarmenn fái 225.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar og að auki fái formenn undirnefnda stjórnar kr. 50.000 á mánuði. Aðalfundurinn kaus einnig eftirfarandi einstaklinga í stjórn: Hallgrím Snorrason, Heiðrúnu Jónsdóttur, Önnu Þórðardóttir, Árna Stefánsson, Frosta Ólafsson, Guðrúnu Þorgeirsdóttur og Jökull H. Úlfsson sem aðalmenn og Herdís Gunnarsdóttur og Óskar Jósefsson sem varamenn. Jafnframt kaus aðalfundurinn Hallgrím sem formann stjórnar.³

³ Þær breytingar urðu á stjórn Íslandsbanka frá síðasta aðalfundi að Flóki Halldórsson hætti sem aðalmaður og í hans stað kom Jökull H. Úlfsson Flóki sagði sig úr stjórn bankans í nóvember 2020, eftir að hann hafði verið ráðinn yfirmaður skrifstofu skilavalds Seðlabanka Íslands, og tók Herdís við hlutverki hans í aðalstjórn.

Á aðalfundi Landsbankans, sem var haldinn þann 24. mars 2021, voru lagðar fram hefðbundnar tillögur, um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2020, kosningu stjórnar, þóknanir til stjórnarmanna og breytingar á starfskjarastefnu. Engar tillögur voru lagðar fram um breytingar á samþykktum. Aðalfundur bankans samþykkti tillögu um að greiða arð sem samsvarar 0,19 kr. á hvern hlut, eða samtals 4.489 m.kr. m.v. útistandandi hluti, og tillögu um þóknanir bankaráðs, þannig að bankaráðsmenn fái 450.000 á mánuði, að varaformaður fái 560.000 kr. á mánuði, að bankaráðsformaður fái kr. 785.000 á mánuði, að bankaráðsmenn fái 225.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar og að auki fái formenn undirnefnda bankaráðs kr. 50.000 á mánuði. Var því tillaga um þóknanir til bankaráðsmanna Landsbankans þannig samhljóða tillögu um þóknanir stjórnarmanna Íslandsbanka. Aðalfundur Landsbankans kaus einnig eftirfarandi einstaklinga í bankráð hans: Helgu Björk Eiríksdóttur, Berglindi Svavarsdóttur, Elínu H. Jónsdóttur, Guðbrand Sigurðsson, Guðrúnu Blöndal, Helga Friðjón Arnarson og Þorvald Jacobsen sem aðalmenn og Sigríði Olgeirsdóttur og Sigurð Jón Björnsson sem varamenn. Jafnframt kaus aðalfundurinn Helgu Björk sem formann bankaráðs.⁴

Á aðalfundi Sparisjóðs Austurlands, sem var haldinn þann 29. apríl 2021 í Safnahúsinu Neskaupsstað, fóru einnig fram hefðbundin aðalfundarstörf. Ekki var gerð tillaga um greiðslu arðs, en eftirtaldir aðilar voru kosnir í stórn: Jón Björn Hákonarson, Jón Einar Marteinnsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Regína Fanney Guðmundsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson sem aðalmenn og Eydís Ásbjörnsdóttir og Guðmundur Jónas Skúlason sem varamenn. Voru Regína Fanney, Sigurður Hafsteinn og Guðmundur Jónas tilnefnd af Bankasýslu ríkisins. Þá var samþykkt tillaga um þóknanir til stjórnarmanna, þannig að þeir fái 110.000 kr. á mánuði og stjórnarformaður tvöfalda þóknun.

Á sérstökum hluthafafundi Íslandsbanka, sem var haldinn þann 26. maí 2021, voru lagðar fram þrjár tillögur af stjórn bankans, sem allar voru samþykktar.

Fyrsta tillagan varðaði ráðstöfun á hluta af málverkasafni bankans til Listasafns Íslands, eða viðurkenndra safna, skv. ákvæðum 10. gr. safnlaga nr. 141/2011.

Önnur tillagan varðaði meiriháttar breytingar á samþykktum bankans, sem þóttu nauðsynlegar áður en kom að frumútboði á hlutum í honum. Í fyrsta lagi var um að ræða fækkun á fjölda hluta úr tíu milljörðum niður í tvo milljarða og tilheyrandi hækkun á nafnverði á hverjum hlut úr einni krónu yfir í fimm krónur á hvern hlut. Við breytinguna hækkað þannig bókfært virði eigin fjár hluthafa á hvern hlut í 92,34 kr. úr 18,47 kr. m.v. 31. mars. Í öðru lagi var samþykkt tillaga um það að bankanum væri heimilt að halda hluthafafundi með rafrænum hætti. Í þriðja lagi var samþykkt tillaga um það að kosning stjórnar skuli framkvæma með margfeldiskosningu á milli einstaklinga. Í fjórða lagi var samþykkt að bankinn myndi starfrækja tilnefningarnefnd, sem myndi samanstanda af þremur einstaklingum, sem kjörnir yrðu af stjórn bankans.

Þriðja tillagan varðaði starfsreglur tilnefningarnefndar, sem stofnað var til með fyrrgreindum breytingum á samþykktum.

⁴ Þær breytingar urðu á bankaráði Landsbankans að Einar Þór Bjarnason, Hersir Sigurgeirsson og Sigríður Benediktsdóttir hættu sem aðalmenn í bankaráði og komu Elín, Helgi og Guðrún, sem áður hafði verið varamaður, í þeirra stað. Þá var Sigríður kjörin sem nýr varamaður.

■ Gerð samninga við stjórnir fjármálafyrirtækja

Þann 19. maí 2021 var undirritaður nýr samningur við stjórn Íslandsbanka um sérstök og almenn markmið í rekstri í aðdraganda frumútboðs á hlutum í bankanum.⁵ Var samningnum þannig ætlað að taka gildi um leið og hlutir í Íslandsbanka yrðu teknir til viðskipta í kauphöll og á sama tíma myndi samningur aðila frá 20. desember 2018 falla niður. Helstu breytingar á ákvæðum samningsins vörðuðu kjör stjórnar, arðsemiskröfu og gildistíma. Þannig samþykkti Bankasýsla ríkisins að tilnefna einungis það hlutfall stjórnarmanna í Íslandsbanka sem samsvaraði eignarhlut ríkisins í bankanum og að skila inn tilnefningum sínum til nýrrar tilnefningarnefndar bankans með ákveðnum fyrirvara. Þá var horfið frá tölulegri arðsemiskröfu um arðsemi sem næmi fimm hundraðshlutum, þ.e. 5%, umfram áhættulausa vexti, og þess í stað horft til arðsemiskröfu, sem miðaði að því að hlutabréf í bankanum gætu talist álitlegur fjárfestingarkostur. Þá var kveðið á um að samningurinn skyldi falla úr gildi um leið og eignarhald ríkisins færi undir einn þriðja útistandandi hluta í bankanum.

■ Eftirfylgni með að settum markmiðum samninga sé náð

Bankasýsla ríkisins hefur gert arðsemiskröfu til Íslandsbanka og Landsbankans, sem samsvarar áhættulausum vöxtum að viðbættu 5% álagi.⁶ Árið 2020 náðist það markmið ekki vegna neikvæðra áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Arðsemin var sérstaklega lág á fyrri helmingi ársins, sem m.a. endurspegladist í neikvæðri arðsemi á fyrsta ársfjórðungi í tilfelli beggja banka. Aftur á móti var arðsemin vel yfir settum markmiðum á síðari helmingi ársins, eins og tafla 2 hér á eftir sýnir.

Tafla 2: Arðsemi eigin fjár hlutahafa árið 2020⁷

	Fyrsti fjórðungur	Annar fjórðungur	Þriðji fjórðungur	Síðasti fjórðungur	Allt árið
Íslandsbanki					
Arðsemi	-3,0%	2,8%	7,4%	7,6%	3,7%
Áhættulausir vextir	<u>2,4%</u>	<u>1,1%</u>	<u>0,8%</u>	<u>0,6%</u>	<u>1,2%</u>
Umfram arðsemi	-5,4%	1,7%	6,7%	7,0%	2,5%
Landsbankinn					
Arðsemi	-5,9%	0,6%	6,5%	15,5%	4,3%
Áhættulausir vextir	<u>2,4%</u>	<u>1,1%</u>	<u>0,8%</u>	<u>0,6%</u>	<u>1,2%</u>
Umfram arðsemi	-8,3%	-0,5%	5,8%	14,9%	3,1%

Til viðbótar arðsemiskröfu ríkisins setja bankarnir sér - hvor um sig - sérstök fjárhagsleg markmið, sem fjallað verður um síðar í þessari skýrslu.

⁵ Sjá skjalið *Samningur Bankasýslu ríkisins og Íslandsbanka (ISFI Íslandsbanki Relationship Agreement)* http://www.bankasysla.is/files/Samningur%20Bankas%C3%BDslu%20r%C3%ADkisins%20og%20C3%8DSB_19052021_450431121.pdf

⁶ Sjá þó umfjöllun hér á undan um breytingar á samningi við Íslandsbanka í tengslum við frumútboð á hlutum í bankanum.

⁷ Heimild: Fjárhagsbækur bankanna árið 2020.

■ Gerð tillagna um frekari fjármögnun,

Bankasýsla gerði ekki tillögu um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja eins og undanfarin starfsár.

■ Gerð mats og skilyrða um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja

Bankasýsla framkvæmdi að sama skapi ekki mat og setti ekki nein skilyrði um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja á árinu, rétt eins og undanfarin starfsár.

■ Gerð tillagna um hvort og hvenær eignarhlutir verða boðnir til sölu

Þann 17. desember 2020 lagði Bankasýsla ríkisins fram tillögu til ráðherra um að hefja sölumeðferð á eignarhlutum í Íslandsbanka ásamt tilheyrandi minnisblaði.⁸ Tillagan var svohljóðandi:

„Að selja eignarhluti í Íslandsbanka hf. þar sem stefnt verður að skráningu eignarhluta á skipulegan verðbréfamarkað innanlands í kjölfar almenns útboðs“.

Í minnisblaðinu rökstuddi Bankasýsla ríkisins afstöðu sína m.a. að í ljósi bættrar afkomu Íslandsbanka og jákvæðrar þróunar á fjármálamörkuðum frá því að stofnunin afturkallaði fyrri tillögu um sölu þann 16. mars. Þá taldi stofnunin ólíklegt að sala á hlutum í bankanum gæti átt sér stað með sölu til erlends fjármálafyrirtækis. Að sama skapi taldi hún ekki rétt að festa á þessari stundu það magn hluta sem selja ætti í almennu útboði.

Nánar er fjallað um sölumeðferðina síðar í skýrslunni.

■ Undirbúningur tillagna um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og vinna við gerð þeirra

Bankasýsla ríkisins undirbjó tillögu um sölu eignarhluta og vann að henni, eins og fram kom hér á undan. Er fjallað nánar um undirbúning tillögunnar í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir 2020 (bls. 8-9), en um sölumeðferðina sjálfa síðar í þessari ársskýrslu.

⁸ Sjá <http://www.bankasysla.is/fjolmidlar/frettir/nr/381/>.

Sérstök verkefni

■ Inngangur

Bankasýsla ríkisins gegnir einnig framkvæmdarhlutverki við sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum skv. ákvæðum laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins.

Þannig segir í 1. mgr. 1. gr. laganna að „[r]áðherra [sé] heimilt að selja að öllu leyti eða að hluta [tilgreinda] eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, að fenginni heimild í fjárlögum og fengnum tillögum frá Bankasýslu ríkisins skv. i- og j-lið 4. gr. laga [nr. 88/2009]“. Þannig er það á forræði stofnunarinnar að hefja sölumeðverð eignarhlutanna.

Einnig segir í 1. mgr. 2. gr. sömu laga að „[þ]egar ráðherra hefur fallist á tillögu Bankasýslu ríkisins [...] [skuli] hann útbúa greinargerð [...] og leggja fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis [...] [og] jafnframt leita umsagnar Seðlabanka Íslands“. Í 2. mgr. sömu greinar segir svo að „[ráðherra skuli] taka ákvörðun um hvort sölumeðferð [...] verði hafin í samræmi við efni greinargerðarinnar [...] [og að hann geti] í ákvörðun sinni gert breytingar [...]m.a. að teknu tilliti til athugasemda [nefnda] Alþingis“.

Til viðbótar segir í 1. mgr. 4. gr. laganna að „Bankasýsla ríkisins [skuli] annast sölumeðferð eignarhluta fyrir hönd ríkisins í samræmi við ákvörðun ráðherra, sbr. 2. gr. [...] [og að] [undirbúa] sölu, [leita] tilboða í eignarhlut, [meta] tilboð, [hafa] umsjón með samningaviðræðum við utanaðkomandi ráðgjafa og væntanlega kaupendur og annast samningagerð“.

Einnig segir í 2. mgr. sömu greinar að „[þegar] tilboð í eignarhlut [liggi] fyrir [skuli] Bankasýsla ríkisins skila ráðherra rökstuddu mati á þeim“ [...] [og að] [ráðherra taki] ákvörðun um hvort tilboð skuli samþykkt eða þeim hafnað og [undirriti] samninga fyrir hönd ríkisins um sölu eignarhlutarins.“

Að lokum segir í 5. gr. laganna að „[þ]egar sölumeðferð er lokið [skuli] ráðherra leggja fyrir Alþingi skýrslu um [hana]“.

■ Frumúboð á hlutum í Íslandsbanka og skráning í kjölfarið

Inngangur

Eins og fram kom hér á undan lagði Bankasýsla ríkisins fram tillögu til ráðherra þann 17. desember 2020. Í tillögu stofnunarinnar kom einnig fram að þar sem Alþingi hafði samþykkt fjárlög fyrir árið 2020 þann 27. nóvember 2019, þar sem finna mátti í ákvæðum 6. gr. heimild til sölu á eignarhlutum í Íslandsbanka, og að finna mætti sams konar ákvæði í sömu grein í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021. Taldi stofnunin því bæði skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012 uppfyllt.⁹

⁹ Fjárlög fyrir árið 2021 voru samþykkt á Alþingi þann 18. desember 2020.

Meðferð tillögu af hálfu ráðherra, Alþingis og Seðlabanka

Ráðherra féllst á tillögu Bankasýslu ríkisins þann 18. desember 2020. Í ákvörðun ráðherra komu m.a. fram helstu markmið með sölu:

- „Að minnka áhættu ríkisins af svo stórum eignarhlut í fjármálakerfinu;
- að efla virka samkeppni á fjármálamarkaði;
- að hámarka endurheimtur ríkissjóðs af eignarhaldinu og sölu á hlutum;
- að stuðla að fjölbreyttu, heilbrigðu og dreifðu eignarhaldi til lengri tíma;
- að auka fjárfestingarmöguleika fyrir innlenda einstaklinga og fagfjárfesta; og ekki síst
- að minnka skuldsetningu eða auka svigrúm ríkisins til samfélagslega arðbærra fjárfestinga“.

Í framhaldinu af ákvörðuninni útbjóst ráðherra greinargerð um fyrirhugaða sölu meðferð. Með bréfi þann 21. desember sama ár óskaði ráðherra eftir umsögnum fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis eigi síðar en þann 20. janúar 2021. Þá sendi ráðherra einnig bréf til Seðlabanka Íslands sama dag.

Með bréfi dags. 20. janúar 2021 sendu efnahags- og viðskiptanefnd annars vegar og fjárlaganefnd hins vegar umsagnir sínar um greinargerð ráðherra. Voru þær nokkuð samhljóma. Til dæmis kom m.a. fram í umsögn fjárlaganefndar „varðandi markmið um fjölbreytt, heilbrigt og dreift eignarhald“ að meiri hluti nefndarinnar legði til:

- „Að tryggt verði að tilboðsgjafar í hluti undir ákveðinni krónutölu (a.m.k. einni milljón króna að markaðsvirði) verði ekki fyrir skerðingu ef umframeftirspurn verður í útboðinu“.
- „Að sett verði hámark á hlut hvers tilboðsgjafa, t.d. 2,5–3,0% af heildarhlutafé bankans“.
- „Að sett verði lágmark og hámark á þann hlut í bankanum sem ríkið býður til kaups í útboðinu, t.d. þannig að lágmark verði 25% og hámark 35%“.¹⁰

Með bréfi dags. 15. janúar 2021 kom Seðlabankinn svo á framfæri athugasemdum sínum til ráðherra. Vörðuðu þær annars vegar jafnræði bjóðenda og hins vegar áhrif fyrirhugaðrar sölu á gjaldeyrismarkað, -forða og laust fé í umferð.

¹⁰ Sams konar áherslur var að finna í umsögn efnahags- og viðskiptanefndar.

Þann 29. janúar 2021 ritaði ráðherra svo Bankasýsla ríkisins bréf þar sem fram kom að ráðherra hefði „tekið ákvörðun um að hefja skuli sölumeðferð í samræmi við fyrirbyggjandi greinargerð“. Í ákvörðun ráðherra kom einnig fram að „Bankasýsla ríkisins [yrði] falið, í samráði við ráðuneytið, að tryggja að útfærslur á útboðs- og úthlutunarskilmálum verði í samræmi við eftirfarandi ábendingar [...] og að færð verði viðunandi rök fyrir því ef víkja þurfi frá þeim:

1. Að stuðlað verði að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði.
2. Að lagður verði grunnur að dreifðu eignarhaldi og fjölbreytileika í eigendahópi Íslandsbanka.
3. Að tryggt verði að tilboðsgjafar í hluti undir ákveðinni krónutölu (a.m.k. einni milljón króna að markaðsvirði) verði ekki fyrir skerðingu ef umframeftirspurn verður í útboðinu.
4. Að sett verði hámark á hlut hvers tilboðsgjafa, t.d. 2,5–3,0% af heildarhlutafé bankans.
5. Að sett verði lágmark og hámark á þann hlut í bankanum sem ríkið býður til kaups í útboðinu, t.d. þannig að lágmark verði 25% og hámark 35%“.

Framkvæmd sölumeðferðar af hálfu Bankasýslu ríkisins

Í framhaldi af ákvörðun ráðherra þann 29. janúar, birti Bankasýsla ríkisins tilkynningu á heimasíðu sinni þann 1. febrúar. Þar kom m.a. fram þar sem ákvörðun ráðherra væri fyrirbyggjandi muni formleg sölumeðferð eingarhlutanna hefjast með ráðningu viðeigandi alþjóðlegra og innlendra ráðgjafa í samvinnu við Ríkiskaup og Íslandsbanka og verði auglýsingar þar að lútandi birtar á evrópska efnahagssvæðinu.

Daginn eftir, þ.e. þann 2. febrúar, birti Bankasýsla ríkisins á útboðsvef Ríkiskaupa tilkynningu, þar sem stofnunin óskaði eftir áhugayfirlýsingum vegna hlutverks sjálfstæðs fjármálaráðgjafa annars vegar og umsjónaraðila með sölu á hlutum í Íslandsbanka hins vegar. Þann 8. febrúar birti Bankasýsla ríkisins svo aðra tilkynningu á útboðsvef Ríkiskaupa um útboð á á sameiginlegum lögfræðiráðgjafa fyrir stofnunina sem seljanda hlutanna annars vegar og fyrir Íslandsbanka hins vegar sem útgefanda þeirra hins vegar, sem um giltu ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Til einföldunar má segja að um hafi verið að ræða þjónustu lögmanna með réttindi innanlands annars vegar og þjónustu lögmanna með réttindi í Bandaríkjunum og Englandi hins vegar. Skilafrestur vegna áhugayfirlýsinganna var til kl. 16:00 þann 12. febrúar, en vegna útboðsins til kl. 13:00 þann 10. mars.

Þann 5. mars tilkynnti Bankasýsla ríkisins að stofnunin hefði ráðið STJ Advisors Group Limited („STJ“) sem sjálfstæðan fjármálaráðgjafa úr hópi sjö áhugasamra aðila.¹¹ Þá tilkynnti stofnunin þann 19. mars að hún hefði ráðið þrjá leiðandi umsjónaraðila og söluráðgjafa vegna frumútboðsins, þ.e. Citigroup Global Markets Europe AG („Citi“), J.P. Morgan AG („JP Morgan“) og fyrirtækjaráðgjöf og verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf. úr hópi 24 áhugasamra aðila. Þá kom fram í tilkynningunni að gert væri ráð fyrir frekari ráðningum úr þeim hópi í hlutverk annarra söluráðgjafa. Þannig tilkynnti stofnunin þann 19. apríl um ráðningu eftirtaldrá níu aðila sem viðbótar söluráðgjafa: Arion banki hf., Arctica Finance hf., Barclays Bank Ireland PLC, Fossar markaðir hf., HSBC Continental Europe, Íslensk verðbréf hf., Íslenskir fjárfestar hf., Kvika banki hf. og Landsbankinn hf.

¹¹ Áður hafði Íslandsbanki ráðið ABN AMRO Bank N.V. sem fjármálaráðgjafa.

Þann 15. apríl tilkynnti Bankasýsla ríkisins svo um sameiginlega ráðningu stofnunarinnar og bankans á lögfræðilegum ráðgjöfum. Var annars vegar um að ræða ráðningu á BBA Fjeldco ehf. vegna ráðgjafar varðandi álitæfni tengd íslenskum lögum og hins vegar á White & Case LLP vegna álitæfna tengdum bandarískum og enskum lögum.¹²

Þann 27. maí tilkynntu Bankasýsla ríkisins, f.h. Ríkissjóðs Íslands, og Íslandsbanki í sameiningu áform um hlutafjárútboð og skráningu hlutabréfa í bankanum í kjölfarið á aðallista Nasdaq Iceland. Í tilkynningunni var m.a. að finna tilvitnun í ráðherra: „Skráning Íslandsbanka á markað er mikilvægt skref í þá átt að draga úr umtalsverðu eignarhaldi íslenska ríkisins á fjármálamarkaði og mun veita ríkinu skýrt fordæmi í þá átt að selja það sem eftir stendur af eignarhlut í bankanum. Með þessum áfanga færumst við nær heilbrigðara umhverfi á fjármálamarkaði, eins og sjá má hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum. Það er ánægjulegt að sjá að sölumeðferðin, sem stýrt er af Bankasýslu ríkisins og ráðgjöfum hennar, gengur vel og hlakka ég til að ljúka henni með góðum árangri.“¹³ Sama dag sendi stofnunin bréf til ráðherra þar sem lýst var næstu skrefum í fyrirhugaðri sölumeðferð, eins og fundum greiningardeilda söluráðgjafa með mögulegum fjárfestum, útgáfu lýsingar, öflun áskrifta, ákvörðun um stærð útboðs og verð á hvern hlut, afstöðu ráðherra, uppgjör og töku viðskipta með hlutina í kauphöll.

Að morgni þess 7. júní tilkynntu svo sömu aðilar um birtingu lýsingar vegna fyrirhugaðs útboðs, þar sem fram kom að útboðið mundi að hámarki samsvara 35,0% af hlutafé í bankanum og að leiðbeindandi verð yrði á bilinu frá 71 kr. til 79 kr. á hvern hlut. Þá kom fram í tilkynningunni að sjóðir í stýringu hjá Capital World Investors, RWC Asset Management LLP, Gildi-lífeyrissjóð og Lífeyrissjóði verzlunarmanna hefðu skuldbundið sig til þátttöku í útboðinu sem hornsteinsfjárfestar. Loksins kom fram að áskriftatímabil útboðsins myndi standa yfir frá kl. 9:00, mánudaginn 7. júní og til kl. 12:00, þriðjudaginn 15. júní. Í tilkynningunni var einnig vitnað í ráðherra, sem sagði: „Það er ánægjulegt að sjá hlutafjárútboð Íslandsbanka hefjast eftir mikla og vandaða vinnu síðustu mánuði. Það hefur lengi staðið til að draga úr umfangsmiklu eignarhaldi ríkisins á fjármálamarkaði og koma hér á fyrirkomulagi í líkingu við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Útboðið er fyrsta skref í þá átt. Með skráningunni verður íslenskur hlutabréfamarkaður stærri og fjölbreyttari, og það er jákvætt að fjárfestingarkostum almennings og fagfjárfesta fer sífellt fjölgandi.“

Í lýsingunni var m.a. að finna ákvæði varðandi úthlutun, sem voru í samræmi við athugasemdir efnahags- og viðskiptanefndar og fjárlaganefndar um úthlutun og skerðingu áskrifta, m.a. þannig að áskriftir undir einni milljón króna yrðu ekki skertar. Þá var lágmarks fjárhæð áskrifta mun lægri heldur en í öðrum nýlegum hlutafjárútboðum innanlands, eða 50.000 kr.

Að kvöldi 7. júní lok birti svo stofnunin og bankinn tilkynningu þess efnis að að áskriftir hefðu borist í alla þá hluti sem í boði væru, þ.e. 35,0% af hlutum í bankanum, á öllu verðbilinu, þ.e. frá 71 kr. til 79 kr. á hvern hlut. Þann 14. júní birtu svo sömu aðilar tilkynningu þar sem var komið á framfæri frekari upplýsingum um stöðu tilboðsbókar einum degi fyrir lokun áskriftartímabils. Í tilkynningunni sagði: “Bankasýsla ríkisins tilkynnir hér með að umsjónaraðilar útboðsins hafa ráðlagt leiðbeinandi lokaverð fyrir útboðið sem nemur 79 kr. á hvern hlut. Líkur eru fyrir því að lægri tilboð verði ekki samþykkt”.

¹² Fram að ráðningu White & Case hafði lögmannstofan Mayer Brown aðstoðað Íslandsbanka við undirbúning útboðsins.

¹³ Allar tilkynningar varðandi sölufarlið frá og með 27. maí voru bæði birtar á íslensku og á ensku á heimasíðu Íslandsbanka.

Þann 15. júní birtu svo Bankasýsla ríkisins og Íslandsbanki tilkynningu um helstu niðurstöður útboðsins. Þar sagði:

- Verð á hverjum útboðshlut hefði verið 79 kr.
- Fjöldi seldra hluta í útboðinu er 636.363.630, auk allt að 63.636.363 hluta, að því gefnu að valréttur til að mæta umframeftirspurn verði að fullu nýttur¹⁴.
- Heildarsöluandvirði útboðsins, þ.e. samtals 699.999.993 hlutir, nemur 55,3 milljörðum króna.
- Margföld umframeftirspurn var í útboðinu á endanlegu útboðsverði, en heildareftirspurn nam samtals 486 milljörðum króna.
- Áætlað er að viðskipti með bréfin á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hefjist þriðjudaginn 22. júní 2021 kl. 9.30, undir auðkenninu „ISB“.
- Bankinn og seljandinn hafa, í þágu umsjónaraðila útboðsins, skuldbundið sig til að selja ekki frekari hluti í bankanum í 180 daga eftir fyrsta viðskiptadag hlutabréfanna.

Fyrsti viðskiptadagur með hluti í Íslandsbanka í kauphöll var eins og áður sagði þann 22. júní.

Afstaða ráðherra til tilboðs og skýrsla til Alþingis

Eftir tilkynningu Bankasýslu ríkisins og Íslandsbanka þann 14. júní, eða degi fyrir lokun áskriftartímabils, var ljóst að útboðsverð á hverjum hlut yrði 79 kr. Þá var ljóst á tilkynningunni að kvöldi 7. júní að unnt væri að bjóða út allt að 35,0% af hlutafé bankans.

Á hádegi þann 15. júní lauk svo áskriftartímabilinu, þannig að lágu fyrir endanlegar upplýsingar um fjölda áskrifenda og áskriftarverð á hvern hlut. Strax í kjölfarið ritaði Bankasýsla ríkisins ráðherra bréf með rökstuddu mati sínu og tillögu. Með svarbréfi ráðherra síðar um daginn var fallist á tillögu stofnunarinnar og henni veitt umboð til að ljúka sölumeðferð í samræmi við hana.

Þann 10. febrúar 2022 lagði fjármála- og efnahagsráðherra svo fram til Alþingis skýrslu um sölumeðferðina.¹⁵

¹⁴ Um var því að ræða samtals 699.999.993 hluti, eða um 35,0% af hlutafé bankans, sem nam 2.000.000.000 útgefnum hlutum.

¹⁵ Sjá <https://www.althingi.is/altext/152/s/0503.html>.

■ Önnur sérstök verkefni

Bankasýsla ríkisins réðst í tvö önnur sérstök verkefni á tímabilinu, sem hvort um sig var tengt áhrifum heimsfaraldurs kórónuveirunnar.¹⁶

Í fyrra verkefninu framkvæmdi stofnunin greiningu á sviðsmyndum, sem Seðlabanki Íslands birti í riti sínu *Fjármálastöðugleiki 2020/1* þann 1. júlí 2020 um áhrif heimsfaraldursins á kerfislega mikilvæga banka, þ.e. Arion banka hf., Íslandsbanka og Landsbankann. Í ritinu gerði Seðlabankinn spá um árlega afkomu og stöðu þeirra í lok hvers árs í heild sinni á tímabilinu 2020 til 2022, undir þremur sviðsmyndum, þ.e. grunnspá, betra fráviksdæmi og verra fráviksdæmi. Þar sem sviðsmyndir Seðlabankans sýndu einungis afkomu og stöðu þessara þriggja banka í heild sinni, en ekki fyrir einstaka banka, þótti Bankasýslu ríkisins nauðsynlegt að áætla rekstur og stöðu Íslandsbanka annars vegar og Landsbankans hins vegar út frá sviðsmyndaspá Seðlabankans m.v. ákveðnar forsendur. Þannig var það m.a. niðurstaða stofnunarinnar að eiginfjárlutfall Íslandsbanka annars vegar og Landsbankans hins vegar yrði hærra en eiginfjárlutfall FME í lok tímabilisins í verra fráviksdæminu. Greining Bankasýslu ríkisins birtist í ítarlegu minnisblaði til ráðherra þann 31. ágúst.

Í síðara verkefninu útbjó Bankasýsla ríkisins samanburðargreiningu á afkomu og stöðu ofangreindra banka á Íslandi og banka í öðrum löndum Evrópu, eins og samantekt á afkomu og stöðu þeirra birtist í ársfjórðunglegum áhættuvísi (e. risk dashboard) Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (European Banking Authority, EBA) fyrir fyrri hluta ársins 2020. Helstu niðurstöður greiningarnar voru þær að þann 30. júní 2020 var eiginfjár- og vogunarhlutfall banka á Íslandi langt yfir meðaltali í Evrópu, hlutfall vanskilalána nálægt meðaltali en þekjuhlutfall þeirra (e. coverage ratio) með því lægsta í Evrópulöndum. Á fyrri árshelmingi 2020 var arðsemi eigin fjár (e. return on equity) banka á Íslandi neikvæð um 0,2%, en jákvæð um 0,5% að meðaltali í Evrópu. Var arðsemin sú fimmta lægsta í löndum Evrópu og sú lægsta á meðal Norðurlandanna. Bankasýsla ríkisins birti einnig niðurstöður þessarar greiningar í ítarlegu minnisblaði til ráðherra þann 29. október.

¹⁶ Sjá <http://www.bankasysla.is/fjolmidlar/frettir/nr/380/>.

Rekstur fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins árið 2020 og staða þeirra í árslok

■ Inngangur

Eins og áður sagði hélt Bankasýsla ríkisins í árslok 2020 á eftirtöldum hlutum í fjármálafyrirtækjum, m.v. útistandandi hluti: 100% í Íslandsbanka, 98,2% í Landsbankanum og 49,5% í Sparisjóði Austurlands.

Rekstur þessara fjármálafyrirtækja á árinu 2020 markaðist aðallega af neikvæðum virðisbreytingum á fjáreignum á árinu og þá sérstaklega á fyrri hluta ársins. Tafla 3 sýnir þannig virðisbreytingar fjáreigna hjá viðskiptabönkunum og framlag í afskriftarreikning útlána hjá sparisjóðnum.

Tafla 3: Virðisbreytingar fjáreigna og afskriftir útlána árið 2020 (fjárhæðir í m.kr.)¹⁷

	Fyrsti fjórðungur	Annar fjórðungur	Þriðji fjórðungur	Síðasti fjórðungur	Allt árið
Íslandsbanki	(3.490)	(2.439)	(1.058)	(1.829)	(8.816)
Landsbankinn	(5.244)	(8.191)	(120)	1.535	(12.020)
Sparisjóður Austurlands	---	-	-	-	(17)
Samtals	(8.734)	(10.630)	(1.178)	(294)	(20.853)

Taflan sýnir að bókfært virði ofangreindra eigna hafi lækkað um samtals 20,9 ma.kr. hjá þessum þremur fjármálafyrirtækjum. Þannig voru virðisbreytingar hjá viðskiptabönkunum til samans neikvæðar á öllum ársfjórðungum, þrátt fyrir að virðisbreytingar hjá Landsbankanum hafi verið jákvæðar á síðasta fjórðungi ársins.

Þá markaðist rekstur fjármálafyrirtækjanna einnig af lækkun stýrivaxta á milli ára, eins og tafla 4 sýnir. Þannig voru meginvextir Seðlabanka Íslands, eða stýrivextir, að meðaltali 1,50% á árinu 2020, í samanburði við 3,88% á árinu 2019. Lækkun stýrivaxta á milli ára endurspegladist þannig í lækkun vaxtatekna, þrátt fyrir útlánavöxt, sem var sérstaklega í formi aukningar á íbúðalánum til einstaklinga.

Tafla 4: Meginvextir eða stýrivextir Seðlabanka Íslands 2019 til 2020¹⁸

Árið 2019	Vextir	Árið 2020	Vextir
1.1.2019	4,50%	1.1.2020	3,00%
22.5.2019	4,00%	5.2.2020	2,75%
26.6.2019	3,75%	11.3.2020	2,25%
28.8.2019	3,50%	18.3.2020	1,75%
2.10.2019	3,25%	20.5.2020	1,00%
6.11.2019	3,00%	18.11.2020	0,75%
31.12.2019	<u>3,00%</u>	31.12.2020	<u>0,75%</u>
Meðaltal	3,88%	Meðaltal	1,50%

¹⁷ Heimild: Fjárhagsbækur bankanna og ársskýrsla sparisjóðsins fyrir árið 2020.

¹⁸ Heimild: Seðlabanki Íslands.

Bankasýsla ríkisins lítur til ferns konar mælikvarða á afkomu fjármálafyrirtækja. Hefur skilgreining þeirra breyst frá fyrri árum. Í fyrsta lagi lítur stofnunin nú til reglulegs rekstrar, sem tekur til hreinna vaxta- og þjónustekna en allra rekstrargjalda. Í öðru lagi til kjarnarekstrar, sem til viðbótar tekur tillit til fjármunatekna á tekjuhliðinni. Í þriðja lagi til rekstrar fyrir virðisbreytingar fjáreigna, sem til viðbótar tekur tillit til annars reksturs á tekjuhliðinni. Í fjórða og síðasta lagi til alls rekstrar eftir virðisbreytingar fjáreigna.

Bankasýsla ríkisins mælir því næst arðsemi þessara fjögurra mismunandi afkomuþátta fyrir tekjuskatt m.v. samtals eigið fé. Þá næst lítur stofnunin til heildararðsemi eftir tekjuskatt m.v. samtals eigið fé vegna (a) hagnað ársins af áframhaldandi starfsemi, (b) hagnað ársins og (c) heildarafkomu ársins. Að lokum er litið til arðsemi m.v. hagnað ársins og eigið fé hluthafa, bæði fyrir og eftir áhættulausa vexti. Bankasýsla ríkisins skilgreinir áhættulausa vexti eins og áður sagði sem vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Seðlabanka. Arðsemi eigin fjár er í öllum tilfellum mæld sem arðsemi einfalds meðaltals ársins, þ.e. m.v. eigið fé í byrjun og lok hvers árs.

■ Íslandsbanki

Rekstur

Brúttó vaxtatekjur Íslandsbanka lækkuðu á árinu 2020 um 6,3 ma.kr., eða 10,1%, í 55,7 ma.kr. úr 62,0 ma.kr. árið 2019. Hreinar vaxtatekjur jukust aftur á móti um 0,5 ma.kr., eða 1,7%, í 33,4 ma.kr. úr 32,8 ma.kr. Vaxtamunur á árinu 2020 var 2,62% í samanburði við 2,82% árið 2019, en skýra má lækkunina af hækkun eigna á milli ársloka 2020 og 2019.

Samtals rekstrartekjur bankans lækkuðu um 2,0 ma.kr. á milli ára, eða um 4,5%, og námu 43,2 ma.kr. á árinu 2020 í samanburði við 45,2 ma.kr. á árinu 2019. Samtals rekstrarkostnaður, þ.e. laun og tengd gjöld, annar stjórnunarkostnaður og sérstakur skattur á skuldir fjármálafyrirtækja, lækkaði um 3,9 ma.kr. eða um 13,9%. Lækkuðu allir undirliggjandi kostnaðarliðir m.a. vegna fækkunar stöðugilda, sem voru 910 á árinu 2020 en 1.079 á árinu 2019, og lækkunar á gjaldhlutfalli skattsins.

Kostnaðarhlutfall bankans á tekjugrunni var 58,0% á árinu 2020, í samanburði við 64,1% á árinu 2019. Kostnaðar hlutfall hans á eignagrunni var aftur á móti 1,97% á árinu 2020, í samanburði við 2,49% á árinu 2019. Skýrist lækkunin af lækkun rekstrarkostnaðar á milli ára, sem í fyrra tilfellinu var meiri heldur en lækkun rekstrartekna og í síðari tilfellinu var samhliða hækkun á meðaltali eigna á milli tímabila.

Hagnaður bankans fyrir virðisbreytingar fjáreigna hækkaði þar af leiðandi á milli ára úr 16,2 ma.kr. í 18,1 ma.kr., eða um 11,9%

Hagnaður bankans fyrir tekjuskatt lækkaði aftur á móti milli ára, eða í 9,3 ma.kr. árið 2020 í samanburði við 12,7 ma.kr. árið 2019 vegna virðisbreytinga, sem voru neikvæðar um 8,8 ma.kr. á árinu 2020 en neikvæðar um 3,5 ma.kr. á árinu 2019. Hagnaður af áframhaldandi starfsemi og hagnaður ársins lækkuðu þar af leiðandi einnig á milli ára.

Efnahagur og fjárhagur

Í árslok 2020 námu eignir Íslandsbanka samtals 1.344,2 ma.kr., í samanburði við 1.199,5 ma.kr. í árslok 2019. Þessi 144,7 ma.kr. vöxtur, sem samsvaraði 12,1%, má aðallega rekja til aukningar útlána, sem nam 107,1 ma.kr., eða 11,9%. Útlánavöxtinn má svo aftur rekja til aukningar íbúðalána til einstaklinga.

Í árslok 2020 nam eiginfjárlutfall Íslandsbanka 23,0%, í samanburði við 22,4% í árslok 2019. Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 jókst lítillega á milli ára, eða í 20,1% í árslok 2020 úr 19,9% í árslok 2019. Allir þættir eigin fjár jukust að fjárhæð á milli árunna. Þrátt fyrir þessa hækkun á eiginfjárlutfalli lækkaði vogunarhlutfall bankans í 13,6% í árslok 2020, í samanburði við 14,2% í árslok 2019. Má skýra lækkunina til hækkunar á áhættuskuldbindingum á milli ára.

Arðsemi

Afkoma reglulegs rekstrar, kjarnarekstrar og rekstrar fyrir virðisbreytingar batnaði á milli ára hjá Íslandsbanka, á meðan afkoma eftir virðisbreytingar fjáreigna lækkaði. Afkoma þessara rekstrarliða fyrir skatt var sem hér segir á árinu 2020 (í samanburði við árið 2019): Reglulegur rekstur 18,9 ma.kr. (14,8 ma.kr.), kjarnarekstur 17,9 ma.kr. (14,1 ma.kr.), rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna 18,1 ma.kr. (16,2 ma.kr.) og allur rekstur 9,3 ma.kr. (12,7 ma.kr.).

Arðsemi þessara rekstrarliða fyrir tekjuskatt breyttist einnig í samræmi við breytingar á afkomu. Þannig var arðsemi þeirra fyrir tekjuskatt sem hér segir á árinu 2020 (í samanburði við árið 2019): Reglulegur rekstur 10,4% (8,4%), kjarnarekstur 9,9% (8,0%), rekstur fyrir virðisbreytingar 10,0% (9,2%) og rekstur eftir virðisbreytingar 3,7% (5,1%).

Arðsemi samtals eigin fjár annars vegar og eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum hins vegar eftir tekjuskatt lækkuðu þar af leiðandi á milli ára. Arðsemi umfram áhættulausa vexti hækkaði aftur á móti á milli ára, þar sem áhættulausir vextir lækkuðu að meðaltali enn meira á milli ára, þ.e í 1,2% á árinu 2020 í samanburði við 3,6% á árinu 2019.

■ Landsbankinn

Rekstur

Brúttó vaxtatekjur Landsbankans lækkuðu á árinu 2020 um 5,7 ma.kr., eða 7,9%, í 66,5 ma.kr. úr 72,2 ma.kr. árið 2019. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um 1,5 ma.kr., eða um 4,0%, í 38,1 ma.kr. úr 39,7 ma.kr. Vaxtamunur á árinu 2020 var 2,55% í samanburði við 2,88% árið 2019, en skýra má lækkunina af hækkun eigna á milli ársloka 2020 og 2019, eins og í tilfalli Íslandsbanka.

Samtals rekstrartekjur Landsbankans lækkuðu um 6,1 ma.kr. á milli ára, eða um 10,4%, og námu 50,3 ma.kr. á árinu 2020 í samanburði við 56,3 ma.kr. á árinu 2019. Stærsti hluti lækkunarinnar var vegna lægri fjármunatekna, en þær lækkuðu um 3,4 ma.kr. eða 46,3%, úr 7,4 ma.kr. árið 2019 og í 4,0 ma.kr. árið 2020.

Samtals rekstrarkostnaður lækkaði um 2,6 ma.kr., eða um 9,0%. Má rekja lækkunina aðallega til lækkunar á gjaldhlutfalli sérstaks skatts á skuldir fjármálafyrirtækja.

Kostnaðarhlutfall Landsbankans á tekjugrunni var 51,0% á árinu 2020, í samanburði við 50,0% á árinu 2019. Kostnaðar hlutfall bankans á eignagrunni var aftur á móti 1,72% á árinu 2020, í samanburði við 2,05% á árinu 2019. Skýrist lækkun kostnaðarhlutfalls Landsbankans af sömu ástæðum og lækkun kostnaðarhlutfalls Íslandsbanka.

Hagnaður bankans fyrir virðisbreytingar fjáreigna lækkaði þar af leiðandi á milli ára úr 28,1 ma.kr. árið 2019 í 24,6 ma.kr. árið 2020, eða um 12,5%. Þróun á virðisbreytingum fjáreigna var einnig neikvæð á milli ára vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar og var neikvæð bæði árin, eða um 12,0 ma.kr. árið 2020 í samanburði við 4,8 ma.kr árið 2019.

Hagnaður bankans fyrir tekjuskatt lækkaði þar af leiðandi á milli ára, eða í 12,6 ma.kr. árið 2020 í samanburði við 23,3 ma.kr. árið 2019. Hagnaður ársins lækkaði einnig á milli ára, eða úr 18,2 ma.kr. árið 2019 niður í 10,5 ma.kr. árið 2020.

Efnahagur og fjárhagur

Í árslok 2020 námu eignir Landsbankans samtals 1.564,2 ma.kr., í samanburði við 1.426,3 ma.kr. í árslok 2019. Þessi 69,1 ma.kr. vöxtur, sem samsvaraði 9,7%, má aðallega rekja til útlánaaukningar íbúðalána eins og í tilfelli Íslandsbanka.

Í árslok 2020 nam eiginfjárhlutfall Landsbankans 25,1%, í samanburði við 25,8% í árslok 2019. Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 lækkaði einnig lítillega á milli ára, eða í 23,2% í árslok 2020 úr 23,9% í árslok 2019. Allir þættir eigin fjár jukust að fjárhæð á milli áranna. Vogunarhlutfall Landsbankans lækkaði einnig á milli ára, eða í 15,4% í árslok 2020, í samanburði við 15,7% í árslok 2019. Má skýra lækkunina til hækkunar á áhættuskuldbindingum á milli ára.

Arðsemi

Afkoma reglulegs rekstrar batnaði örlítið á milli ára, en afkoma kjarnarekstrar, rekstrar fyrir virðisbreytingar og eftir virðisbreytingar fjáreigna versnaði. Afkoma þessara rekstrarliða fyrir skatt var sem hér segir á árinu 2020 (í samanburði við árið 2019): Reglulegur rekstur 20,1 ma.kr. (19,7 ma.kr.), kjarnarekstur 24,0 ma.kr. (27,1 ma.kr.), rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna 24,6 ma.kr. (28,1 ma.kr.) og allur rekstur 12,6 ma.kr. (23,3 ma.kr.).

Arðsemi allra þessara rekstrarliða fyrir tekjuskatt lækkaði aftur móti. Þannig var arðsemi þeirra fyrir tekjuskatt sem hér segir á árinu 2020 (í samanburði við árið 2019): Reglulegur rekstur 7,9% (8,1%), kjarnarekstur 9,5% (11,1%), rekstur fyrir virðisbreytingar 9,7% (11,6%) og rekstur eftir virðisbreytingar 5,0% (9,6%).

Arðsemi samtals eigin fjár annars vegar og eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum eftir tekjuskatt hins vegar lækkuðu þar af leiðandi á milli ára. Arðsemi umfram áhættulausa vexti lækkaði aftur á móti á milli ára, þar sem áhættulausir vextir lækkuðu að meðaltali enn meira á milli ára, þ.e í 1,2% á árinu 2020 í samanburði við 3,6% á árinu 2019.

■ Sparisjóður Austurlands

Rekstur

Brúttó vaxtatekjur Sparisjóðs Austurlands lækkuðu á árinu 2020 um 39,3 m.kr., eða 8,9%, í 400,8 m.kr. úr 440,1 m.kr. árið 2019. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu einnig á milli ára, eða um 7,2 m.kr., sem samsvarar 2,7% lækkun, úr 262,4 m.kr. í 255,2 m.kr. Vaxtamunur lækkað af þeim sökum, en á árinu 2020 var hann 3,51% í samanburði við 3,82% árið 2019.

Samtals rekstrartekjur sparisjóðsins lækkuðu um 45,1 m.kr. á milli ára, eða um 13,5%, og námu 288,4 m.kr. á árinu 2020 í samanburði við 333,4 m.kr. á árinu 2019. Lækkunina má skýra nánast alveg vegna annarra rekstrartekna, sem lækkuðu um 33,2 m.kr. á milli ára vegna söluhagnaðar árið 2019. Rekstrarkostnaður lækkaði um 16,8 m.kr. á milli ára, eða úr 260,0 m.kr. árið 2019 í 243,3 m.kr. árið 2020, eða um 6,4%. Lækkunin kom aðallega vegna lægri kostnaðar í tengslum við tölvuþjónustu, húsnæði og skrifstofu.

Kostnaðarhlutfall sparisjóðsins á tekjugrunni lækkaði á milli ára, eða úr 78,0% árið 2019 í 84,4% árið 2020. Kostnaðarhlutfall hans á eignagrunni lækkaði aftur á móti, eða úr 3,82% árið 2019 í 3,34% árið 2020.

Hagnaður sparisjóðsins fyrir afskriftir útlána lækkaði af þeim sökum. Því til viðbótar jókst framlag hans í afskriftarreikning útlána á milli ára, eða úr 5,8 m.kr. árið 2019 í 16,8 m.kr. árið 2020. Hagnaður hans fyrir tekjuskatt lækkaði þar af leiðandi enn meira, eða úr 67,6 m.kr. árið 2019 í 28,3 m.kr. árið 2020. Hagnaður eftir tekjuskatt nam 18,6 m.kr. árið 2020, í samanburði við 55,3 m.kr. árið 2019.

Efnahagur og fjárhagur

Í árslok 2020 námu eignir Sparisjóðs Austurlands samtals 7,5 ma.kr., í samanburði við 7,0 ma.kr. í árslok 2019. Rekja má þennan 7,4% vöxt á milli ára til aukningar útlána, sem nam 858,0 m.kr., eða 17,2%.

Í árslok 2020 nam eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 24,9% í samanburði við 24,6% í árslok 2019. Samanstóð eiginfjárgrunnur eingöngu af almennu eigin fé í þætti 1. Vogunarhlutfall hans lækkaði aftur á móti á milli ára, en það var 11,2% í árslok 2020 í samanburði við 11,8% í árslok 2019.

Arðsemi

Afkoma og arðsemi reglulegs rekstrar annars vegar og kjarnarekstrar hins vegar hækkuðu á milli ára, á meðan bæði afkoma og arðsemi rekstrar fyrir og eftir virðisbreytingar (eða framlag í afskriftarreikning útlána) lækkuðu. Afkoma þessara rekstrarliða fyrir tekjuskatt var sem hér segir á árinu 2020 (í samanburði við árið 2019): Reglulegur rekstur 41,8 m.kr. (37,3 m.kr.), kjarnarekstur 43,0 m.kr. (38,2 m.kr.), rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna 45,1 m.kr. (73,4 m.kr.) og allur rekstur 28,3 m.kr. (67,6 m.kr.).

Arðsemi þessara rekstrarliða fyrir tekjuskatt breyttist einnig í samræmi við breytingar á afkomu. Þannig var arðsemi þeirra fyrir tekjuskatt sem hér segir á árinu 2020 (í samanburði við árið 2019): Reglulegur rekstur 4,5% (4,2%), kjarnarekstur 4,6% (4,3%), rekstur fyrir virðisbreytingar 4,8% (8,2%) og rekstur eftir virðisbreytingar 3,0% (7,6%). Arðsemi eigin fjár á árinu 2020 var 2,0%, en 6,2% á árinu 2019.

Viðauki A: Rekstur viðskiptabankanna á árinu 2020 og staða í árslok

Tafla A1: Rekstrarreikningar viðskiptabankanna árið 2020 og 2019 (fjárhæðir í ma.kr.)¹⁹

	<u>Íslandsbanki</u>		<u>Landsbankinn</u>	
	<u>Árið 2020</u>	<u>Árið 2019</u>	<u>Árið 2020</u>	<u>Árið 2019</u>
Vaxtatekjur	55,7	62,0	66,5	72,2
Vaxtagjöld	<u>(22,3)</u>	<u>(29,1)</u>	<u>(28,4)</u>	<u>(32,5)</u>
Hreinar vaxtatekjur	33,4	32,8	38,1	39,7
Þjónustutekjur	12,7	12,1	10,8	11,5
Þjónustugjöld	<u>(2,1)</u>	<u>(1,2)</u>	<u>(3,2)</u>	<u>(3,3)</u>
Hreinar þjónustutekjur	10,5	10,9	7,6	8,2
Fjármunatekjur (-gjöld) og gengismunur	(0,9)	(0,7)	4,0	7,4
Aðrar rekstrartekjur	<u>0,2</u>	<u>2,1</u>	<u>0,6</u>	<u>1,0</u>
Samtals rekstrartekjur	43,2	45,2	50,3	56,3
Laun og tengd gjöld	(12,9)	(14,0)	(14,8)	(14,5)
Annar stjórnunarkostnaður	(10,5)	(11,4)	(9,1)	(9,5)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	<u>(1,6)</u>	<u>(3,5)</u>	<u>(1,8)</u>	<u>(4,2)</u>
Samtals rekstrargjöld	(25,0)	(29,0)	(25,6)	(28,2)
Hagnaður fyrir virðisbreytingar fjáreigna	18,1	16,2	24,6	28,1
Virðisbreyting fjáreigna	(8,8)	(3,5)	(12,0)	(4,8)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	9,3	12,7	12,6	23,3
Tekjuskattur	<u>(2,5)</u>	<u>(3,9)</u>	<u>(2,1)</u>	<u>(5,1)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	6,9	8,8	10,5	18,2
Hagnaðar af aflagðri starfsemi	<u>(0,1)</u>	<u>(0,4)</u>	-	-
Hagnaður ársins	6,8	8,5	10,5	18,2
Önnur heildarafkoma ársins	<u>(0,1)</u>	<u>0,6</u>	-	-
Heildarafkoma ársins	6,6	9,0	10,5	18,2
Hluthafar bankans	7,1	8,8	10,5	18,2
Minnihluti	<u>(0,3)</u>	<u>(0,4)</u>	-	-
Hagnaður tímabilsins	6,8	8,5	10,5	18,2

¹⁹ Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna árið 2020.

Tafla A2: Efnahagsreikningur viðskiptabankanna í árslok 2020 og 2019 (fjárhæðir í ma.kr.)²⁰

	<u>Íslandsbanki</u>		<u>Landsbankinn</u>	
	<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2019</u>	<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2019</u>
Handbært fé og innstæður í Seðlabanka	78,9	146,6	67,6	69,8
Skuldabréf og skuldageringar	128,2	52,9	119,3	115,3
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	14,9	18,4	26,8	30,0
Útlán til lánastofnana	89,9	54,4	48,1	47,9
Útlán til viðskiptavina	1.006,7	899,6	1.273,4	1.140,2
Aðrar fjáreignir	10,3	11,4	13,2	10,5
Aðrar eignir en fjáreignir	<u>15,2</u>	<u>16,2</u>	<u>15,8</u>	<u>12,6</u>
Samtals eignir	1.344,2	1.199,5	1.564,2	1.426,3
Innlán frá Seðlabanka og lánastofnunum	39,8	30,9	48,7	48,1
Innlán frá viðskiptavinum	679,5	618,3	793,4	707,8
Lántaka	387,3	306,4	420,2	373,2
Víkjandi lántaka	27,2	22,7	21,4	19,1
Aðrar fjárskuldir	16,7	31,0	12,4	12,5
Aðrar skuldir en fjárskuldir	<u>7,6</u>	<u>10,1</u>	<u>9,9</u>	<u>18,0</u>
Samtals skuldir	1.158,0	1.019,4	1.305,9	1.178,6
Eigið fé hluthafa	184,7	177,6	258,3	247,7
Annað eigið fé	<u>1,5</u>	<u>2,4</u>	-	-
Samtals eigið fé	<u>186,2</u>	<u>180,1</u>	<u>258,3</u>	<u>247,7</u>
Samtals skuldir og eigið fé	1.344,2	1.199,5	1.564,2	1.426,3

²⁰ Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna árið 2020.

Tafla A3: Fjárhagshlutföll viðskiptabankanna í árslok 2020 og 2019 (fjárhæðir í ma.kr.)²¹

	<u>Íslandsbanki</u>		<u>Landsbankinn</u>	
	<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2019</u>	<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2019</u>
Eiginfjár- og vogunarhlutfall				
Áhættugrunnur	933,5	884,6	1.121,6	1.020,4
Áhættuskuldbindingar	<u>1.384,8</u>	<u>1.237,4</u>	<u>1.693,6</u>	<u>1.550,2</u>
Hlutfall	67,4%	71,5%	66,2%	65,8%
Almennt eigið fé í þætti 1	187,9	175,6	260,2	244,1
Viðbótar eigið fé í þætti 1	-	-	-	-
Eigið fé í þætti 1	187,9	175,6	260,2	244,1
Eigið fé í þætti 2	<u>27,2</u>	<u>22,7</u>	<u>21,4</u>	<u>19,1</u>
Eiginfjárgrunnur	215,1	198,3	281,6	263,2
Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1	20,1%	19,9%	23,2%	23,9%
Hlutfall eigin fjár í þætti 1	20,1%	19,9%	23,2%	23,9%
Eiginfjárhlutfall	23,0%	22,4%	25,1%	25,8%
Vogunarhlutfall	13,6%	14,2%	15,4%	15,7%
Önnur fjármögnunarhlutföll				
Lausafjárþekjuhlutfall	196,0%	155,0%	154,3%	160,5%
Hlutfall stöðugrar fjármögnunar	123,0%	119,0%	116,0%	117,0%
Hlutfall útlána og innlána viðskiptavina	148,2%	145,5%	160,5%	161,1%

²¹ Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna árið 2020.

Tafla A4: Skilvirkni, afkoma og arðsemi viðskiptabankanna árið 2020 og 2019 (fjárhæðir í ma.kr.)²²

	<u>Íslandsbanki</u>		<u>Landsbankinn</u>	
	<u>Árið 2020</u>	<u>Árið 2019</u>	<u>Árið 2020</u>	<u>Árið 2019</u>
Skilvirkni²³				
Vaxtamunur	2,62%	2,82%	2,55%	2,88%
Kostnaðarluthfall á eignagrunni	1,97%	2,49%	1,72%	2,05%
Kostnaðarluthfall á tekjugrunni	58,0%	64,1%	51,0%	50,0%
Störf að meðaltali á árinu	910	1.079	921	950
Störf í árslok	779	984	878	893
Afkoma fyrir tekjuskatt				
Reglulegur rekstur	18,9	14,8	20,1	19,7
Kjarnarekstur	17,9	14,1	24,0	27,1
Rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna	18,1	16,2	24,6	28,1
Rekstur eftir virðisbreytingar fjáreigna	9,3	12,7	12,6	23,3
Arðsemi eigin fjár fyrir tekjuskatt				
Reglulegur rekstur	10,4%	8,4%	7,9%	8,1%
Kjarnarekstur	9,9%	8,0%	9,5%	11,1%
Rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna	10,0%	9,2%	9,7%	11,6%
Rekstur eftir virðisbreytingar fjáreigna	5,1%	7,2%	5,0%	9,6%
Arðsemi eigin fjár eftir tekjuskatt				
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	3,8%	5,0%	4,2%	7,5%
Hagnaður ársins	3,7%	4,8%	4,2%	7,5%
Heildarafkoma ársins	3,7%	5,1%	4,2%	7,5%
Arðsemi eigin fjár hluthafa eftir tekjuskatt				
Hagnaður ársins	3,9%	4,9%	4,2%	7,5%
Áhættulausir vextir á tímabilinu	<u>1,2%</u>	<u>3,6%</u>	<u>1,2%</u>	<u>3,6%</u>
Arðsemi umfram áhættulausa vexti	2,6%	1,3%	2,9%	3,9%

²² Heimild: Ársreikningar og fjárhagsbækur viðskiptabankanna árið 2020.

²³ Fjöldi starfa samsvarar fjölda starfsfólks eða stöðugilda, sem viðskiptabankarnir birta í fjárhagsbókum sínum.

Viðauki B: Rekstur Sparisjóðs Austurlands á árinu 2020 og staða í árslok

Tafla B1: Rekstrarreikingur Sparisjóðs Austurlands árið 2020 og 2019 (fjárhæðir í m.kr.)²⁴

	<u>Árið 2020</u>	<u>Árið 2019</u>
Vaxtatekjur	400,8	440,1
Vaxtagjöld	<u>(145,6)</u>	<u>(177,7)</u>
Hreinar vaxtatekjur	255,2	262,4
Þjónustutekjur	44,7	44,3
Þjónustugjöld	<u>(14,8)</u>	<u>(9,3)</u>
Hreinar þjónustutekjur	29,9	35,0
Fjármunatekjur (-gjöld) og gengismunur	1,2	0,8
Aðrar rekstrartekjur	<u>2,1</u>	<u>35,2</u>
Samtals rekstrartekjur	288,4	333,4
Laun og tengd gjöld	(100,0)	(103,9)
Annar stjórnunarkostnaður	(143,3)	(156,2)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	–	–
Samtals rekstrargjöld	(243,3)	(260,0)
Hagnaður fyrir virðisbreytingar ²⁵	45,1	73,4
Virðisbreyting fjáreigna	(16,8)	(5,8)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	28,3	67,6
Tekjuskattur	<u>(9,7)</u>	<u>(12,3)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	18,6	55,3
Hagnaðar af aflagðri starfsemi	–	–
Hagnaður ársins	18,6	55,3
Önnur heildarafkoma ársins	–	–
Heildarafkoma ársins	18,6	55,3
Hluthafar sparisjóðsins	18,6	55,3
Minnihluti	–	–
Hagnaður tímabilsins	18,6	55,3

²⁴ Heimild: Ársreikningur sparisjóðsins árið 2020.

²⁵ Virðisbreytingar fjáreigna er hugtak, sem er notað af fjármálafyrirtækjum, sem útbúa ársreikning skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðum (International Financial Reporting Standards, IFRS), en Sparisjóður Austurlands gerir það ekki. Af þeim sökum samsvarar þessi liður framlagi í afskriftarreikning útlána.

Tafla B2: Eiginfjár- og vogunarhlutfall Sparisjóðs Austurlands í árslok 2020 og 2019 (fjárhæðir í m.kr.)²⁶

	<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2019</u>
Áhættugrunnur	3.396,1	3.404,3
Áhættuskuldbindingar	<u>7.573,4</u>	<u>7.099,5</u>
Hlutfall	44,8%	48,0%
Almennt eigið fé í þætti 1	846,6	838,8
Viðbótar eigið fé í þætti 1	-	-
Eigið fé í þætti 1	846,6	838,8
Eigið fé í þætti 2	-	-
Eiginfjárgrunnur	846,6	838,8
Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1	24,9%	24,6%
Hlutfall eigin fjár í þætti 1	24,9%	24,6%
Eiginfjárhlutfall	24,9%	24,6%
Vogunarhlutfall	11,2%	11,8%

²⁶ Heimild: Ársreikningur sparisjóðsins árið 2020.

Tafla B3: Skilvirkni, afkoma og arðsemi Sparisjóðs Austurlands árið 2020 og 2019 (fjárhæðir í m.kr.)²⁷

	<u>Árið 2020</u>	<u>Árið 2019</u>
Skilvirkni²⁸		
Vaxtamunur	3,51%	3,82%
Kostnaðarhlutfall á eignagrunni	3,34%	3,79%
Kostnaðarhlutfall á tekjugrunni	84,4%	78,0%
Störf að meðaltali á árinu	6,8	6,9
Störf í árslok	6,0	6,3
Afkoma fyrir tekjuskatt		
Reglulegur rekstur	41,8	37,3
Kjarnarekstur	43,0	38,2
Rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna	45,1	73,4
Rekstur eftir virðisbreytingar fjáreigna	28,3	67,6
Arðsemi eigin fjár fyrir tekjuskatt		
Reglulegur rekstur	4,5%	4,2%
Kjarnarekstur	4,6%	4,3%
Rekstur fyrir virðisbreytingar fjáreigna	4,8%	8,2%
Rekstur eftir virðisbreytingar fjáreigna	3,0%	7,6%
Arðsemi eigin fjár eftir tekjuskatt		
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	2,0%	6,2%
Hagnaður ársins	2,0%	6,2%
Heildarafkoma ársins	2,0%	6,2%
Arðsemi eigin fjár hluthafa eftir tekjuskatt		
Hagnaður ársins	2,0%	6,2%
Áhættulausir vextir á tímabilinu	<u>1,2%</u>	<u>3,6%</u>
Arðsemi umfram áhættulausa vexti	0,8%	2,6%

²⁷ Heimild: Ársreikningur sparisjóðsins árið 2020.

²⁸ Fjöldi starfa samsvarar fjölda starfsfólks eða stöðugilda.

Viðauki C: Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki

1. Markmið ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum
 - 1.1 Markmið ríkisins sem eigandi
 - 1.2 Markmið um sölu og eignarhald til framtíðar
 - 1.3 Markmið varðandi einstök félög
2. Skipulag eigandahlutverksins
 - 2.1 Alþingi
 - 2.2 Fjármála- og efnahagsráðuneytið
 - 2.3 Bankasýsla ríkisins
 - 2.4 Valnefnd í stjórnir fjármálafyrirtækja
 - 2.5 Stjórnir og bankaráð
 - 2.6 Seðlabanki Íslands
3. Meginreglur eigandastefnu
4. Stjórnarhættir, kröfur og árangursviðmið
 - 4.1 Stjórn og skipulag
 - 4.2 Stjórnarhættir
 - 4.3 Stefnumótun og framtíðarsýn
 - 4.4 Rekstur félags
 - 4.5 Starfshættir og vinnulag
 - 4.6 Upplýsingagjöf, árangursmælingar og samskipti við fulltrúa eiganda